# Fréttatilkynning

Iðntæknistofnun

Iðntæknistofnun er samstarfsaðili
World Economic Forum á Íslandi

1. mars 2007

## Samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar á Íslandi

**Samkeppnisstaða ferðaþjónustunnar á Íslandi er í fjórða sæti af 124 þjóðlöndum samkvæmt könnun *Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar (WEF)*. Iðntæknistofnun er samstarfsaðili Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar (World Economic Forum). Frekari upplýsingar um könnunina ásamt örðum gögnum er snerta samkeppnishæfni Ísland má finna á vefsíðu stofnunarinnar *www.iti.is*.**

Alþjóðlega efnahagsstofnunin reiknar svonefnda Samkeppnisvísitölu ferðaþjónustunnar fyrir hvert land. Samkvæmt henni er Sviss leiðandi land á sviði ferðaþjónustu af þeim löndum sem tóku þátt í könnuninni og er í fyrsta sæti. Í kjölfarið kemur Austurríki í öðru sæti og svo Þýskaland í því þriðja. Ísland er síðan í fjórða sæti og Bandaríkin í því fimmta.

Frá árinu 1979 hefur Alþjóðlega efnahagsstofnunin verið í fararbroddi rannsókna á samkeppnishæfni landa. Markmið starfs okkar á sviði samkeppnishæfni er að stuðla að bættum skilningi á því hvers vegna sum lönd verða efnahagslega sterk á meðan önnur sitja eftir. Þegar litið er til langvarandi áhuga ráðsins á efnahagsþróun, ásamt vaxandi mikilvægi ferðaþjónustu fyrir hagkerfi einstakra landa, er rannsókn sem beinir sjónum sínum að ferðaþjónustuiðnaðinum einstaklega þýðingarmikil. Í þessu sambandi er markmið *Skýrslu um samkeppnishæfni ferðaþjónustu (e. The Travel & Tourism Competitiveness Report)* að rannsaka þá þætti og þá stefnumótun sem eru drífandi afl í samkeppnishæfni ferðaþjónustu þjóða um heim allan.

Iðntæknistofnun hefur meðal annars það hlutverk að fylgjast með framleiðni einstakra greina atvinnulífsins og telur þátttöku í verkefnum Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar mikilvæga í þessu sambandi. Á síðasta ári gaf stofnunin út rit sem nefnist *Samkeppnisstaða þjóða, Ísland í alþjóðlegum samanburði*. Í ritinu er að finna umfjöllun um aðferðir Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar og almennan fróðleik um samkeppnisstöðu Íslands almennt. Það er sérstaklega ánægjulegt að Alþjóðlega efnahagsstofnunin beini athygli sinni að ferðaþjónustunni. Þetta er vaxandi grein hér á landi og innviðir hennar hafa styrkst verulega síðustu ár. Segja má að ferðaþjónusta sé í alþjóðlegu samhengi einn mikilvægasti alþjóðlegi atvinnuvegurinn og aðalatvinnuvegurinn í mörgum löndum, og jafnframt sá atvinnuvegur sem er í hvað örustum vexti þegar kemur að öflun gjaldeyristekna og sköpun nýrra starfa samkvæmt upplýsingum Alþjóðaferðamálasamtakanna. Þessi atvinnuvegur er mikilvægur hvati vaxtar og velmegunar og í þróunarlöndunum dregur hann einnig úr fátækt. Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaferðamálaráðsins (WTTC) skapast reyndar flest ný störf í þróunarlöndunum í ferðaþjónustu.[1)]

## Samkeppnisvísitala ferðaþjónustunnar

Markmið samkeppnisvísitölu ferðaþjónustunnar (TTCI), er að *mæla þá þætti og stefnumótun sem gera þróun ferðaþjónustunnar að álitlegum kosti í mismunandi löndum*. TTCI-vísitalan er samsett úr ýmsum „stoðum“ samkeppnishæfni í ferðaþjónustu, og eru þær alls 13.

[1)] Rannsókn Alþjóðaferðamálaráðsins og Accenture, Tourism Satellite Accounting.

Þessar stoðir eru:

1. Stefnumótandi reglur og reglugerðir
2. Umhverfisreglugerðir
3. Öryggi
4. Heilbrigði og hreinlæti
5. Forgangsröðun ferðaþjónustu
6. Skipulag loftsamgangna
7. Skipulag samgangna á jörðu niðri
8. Skipulag ferðamennsku
9. Skipulag upplýsinga- og fjarskiptatækni
10. Verðsamkeppnishæfni í ferðamálaiðnaðinum
11. Mannauður
12. Sýn þjóðarinnar á ferðamennsku
13. Náttúruleg og menningarleg verðmæti

Stoðirnar eru flokkaðar í þrjár undirvísitölur sem ná yfir víðtæka breytuflokka sem greiða fyrir eða eru drífandi afl í samkeppnishæfni ferðaþjónustu. Þessir flokkar eru (1) regluumgjörð ferðaþjónustu, (2) rekstrarumhverfi og skipulag ferðaþjónustu og (3) mannauður, menningarlegar og náttúrulegar auðlindir ferðaþjónustu. Fyrsta undirvísitalan nær yfir þá þætti sem tengjast stefnumótun og falla almennt undir verksvið opinberrar stjórnsýslu (stefnumótandi reglur og reglugerðir, umhverfisreglugerðir, öryggi og forgangsröðun ferðaþjónustu); önnur undirvísitalan nær yfir þætti í rekstrarumhverfinu og skipulagi hvers hagkerfis (skipulag loftsamgangna, skipulag samgangna á jörðu, skipulag ferðamála, skipulag upplýsinga- og fjarskiptatækni og verðsamkeppnishæfni); og þriðja undirvísitalan nær yfir mannlega og menningarlega þætti í auðlindum hvers lands (mannauður, sýn þjóðarinnar á ferðamennsku og náttúruleg og menningarleg verðmæti).

Hver stoðanna þriggja er samsett úr fjölda einstakra breyta. Gagnamengið inniheldur bæði beinharðar staðreyndir og gögn úr árlegri könnun Alþjóðlegu efnahagsstofnunarinnar, *Executive Opinion Survey.* Fyrrnefndu staðreyndirnar eru fengnar úr opinberum heimildum og frá alþjóðlegum ferðaþjónustustofnunum og sérfræðingum á sviði ferðaþjónustu, til dæmis Alþjóðasambandi flugfélaga, Alþjóðaflugmálastofnuninni, Alþjóðaferðamálasamtökunum, Alþjóðaferðamálaráðinu og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Könnunin er gerð meðal forstjóra og helstu viðskiptaleiðtoga í öllum hagkerfunum sem rannsókn okkar nær yfir – þetta er fólkið sem tekur fjárfestingarákvarðanir innan viðkomandi hagkerfa. Könnunin veitir einstakar upplýsingar um mörg eigindleg málefni sem varða viðskiptaumhverfi og stofnanir.

Sjá meðfylgjandi töflu um samanburð milli landa.

Nánari upplýsinga er að finna á *www.iti.is*.

## Table 1: The Travel & Tourism Competitiveness Index

| | OVERALL INDEX | | SUBINDEXES: Regulatory framework | | SUBINDEXES: Business environment and infrastructure | | SUBINDEXES: Human, cultural, and natural resources | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Country/Economy | Rank | Score | Rank | Score | Rank | Score | Rank | Score |
| Switzerland | 1 | 5.66 | 2 | 5.80 | 2 | 5.36 | 2 | 5.81 |
| Austria | 2 | 5.54 | 3 | 5.79 | 12 | 4.97 | 1 | 5.86 |
| Germany | 3 | 5.48 | 6 | 5.62 | 3 | 5.23 | 6 | 5.61 |
| Iceland | 4 | 5.45 | 5 | 5.69 | 8 | 5.04 | 5 | 5.61 |
| United States | 5 | 5.43 | 33 | 5.06 | 1 | 5.74 | 12 | 5.50 |
| Hong Kong SAR | 6 | 5.33 | 4 | 5.75 | 14 | 4.81 | 14 | 5.44 |
| Canada | 7 | 5.31 | 15 | 5.31 | 4 | 5.22 | 16 | 5.40 |
| Singapore | 8 | 5.31 | 1 | 5.81 | 11 | 5.01 | 42 | 5.11 |
| Luxembourg | 9 | 5.31 | 17 | 5.28 | 9 | 5.04 | 8 | 5.60 |
| United Kingdom | 10 | 5.28 | 21 | 5.20 | 6 | 5.08 | 10 | 5.58 |
| Denmark | 11 | 5.27 | 8 | 5.46 | 16 | 4.76 | 9 | 5.59 |
| France | 12 | 5.23 | 13 | 5.34 | 5 | 5.10 | 28 | 5.27 |
| Australia | 13 | 5.21 | 16 | 5.28 | 10 | 5.04 | 26 | 5.30 |
| New Zealand | 14 | 5.20 | 10 | 5.44 | 20 | 4.57 | 7 | 5.60 |
| Spain | 15 | 5.18 | 25 | 5.15 | 7 | 5.05 | 19 | 5.34 |
| Finland | 16 | 5.16 | 7 | 5.61 | 18 | 4.68 | 33 | 5.18 |
| Sweden | 17 | 5.13 | 19 | 5.25 | 13 | 4.88 | 27 | 5.27 |
| United Arab Emirates | 18 | 5.09 | 18 | 5.28 | 19 | 4.68 | 24 | 5.31 |
| Netherlands | 19 | 5.08 | 22 | 5.17 | 15 | 4.77 | 25 | 5.30 |
| Cyprus | 20 | 5.07 | 29 | 5.09 | 23 | 4.50 | 3 | 5.62 |
| Belgium | 21 | 5.07 | 24 | 5.16 | 29 | 4.41 | 4 | 5.62 |
| Portugal | 22 | 5.05 | 11 | 5.40 | 22 | 4.50 | 30 | 5.23 |
| Norway | 23 | 5.04 | 9 | 5.45 | 21 | 4.56 | 40 | 5.12 |
| Greece | 24 | 4.99 | 20 | 5.21 | 32 | 4.36 | 15 | 5.41 |
| Japan | 25 | 4.99 | 28 | 5.10 | 17 | 4.71 | 38 | 5.15 |
| Malta | 26 | 4.96 | 23 | 5.16 | 31 | 4.37 | 21 | 5.33 |
| Ireland | 27 | 4.93 | 14 | 5.32 | 26 | 4.44 | 46 | 5.03 |
| Estonia | 28 | 4.90 | 32 | 5.07 | 25 | 4.45 | 34 | 5.18 |
| Barbados | 29 | 4.86 | 31 | 5.08 | 36 | 4.14 | 17 | 5.38 |
| Taiwan, China | 30 | 4.82 | 45 | 4.73 | 28 | 4.43 | 23 | 5.32 |
| Malaysia | 31 | 4.80 | 27 | 5.12 | 27 | 4.44 | 57 | 4.84 |
| Israel | 32 | 4.80 | 36 | 4.93 | 33 | 4.28 | 35 | 5.18 |
| Italy | 33 | 4.78 | 42 | 4.77 | 30 | 4.38 | 32 | 5.18 |
| Tunisia | 34 | 4.76 | 12 | 5.34 | 47 | 3.77 | 37 | 5.15 |
| Czech Republic | 35 | 4.75 | 40 | 4.80 | 37 | 4.13 | 22 | 5.32 |
| Qatar | 36 | 4.71 | 34 | 5.04 | 39 | 4.10 | 49 | 4.99 |
| Slovak Republic | 37 | 4.68 | 37 | 4.86 | 45 | 3.81 | 18 | 5.37 |
| Croatia | 38 | 4.66 | 58 | 4.37 | 40 | 4.06 | 11 | 5.55 |
| Mauritius | 39 | 4.63 | 35 | 4.96 | 46 | 3.77 | 39 | 5.15 |
| Hungary | 40 | 4.61 | 26 | 5.15 | 51 | 3.71 | 51 | 4.98 |
| Costa Rica | 41 | 4.60 | 39 | 4.80 | 52 | 3.66 | 20 | 5.34 |
| Korea, Rep. | 42 | 4.58 | 46 | 4.61 | 24 | 4.46 | 73 | 4.67 |
| Thailand | 43 | 4.58 | 41 | 4.78 | 35 | 4.14 | 59 | 4.82 |
| Slovenia | 44 | 4.58 | 44 | 4.74 | 38 | 4.11 | 53 | 4.88 |
| Chile | 45 | 4.58 | 38 | 4.83 | 42 | 3.87 | 47 | 5.03 |
| Jordan | 46 | 4.52 | 30 | 5.09 | 54 | 3.65 | 58 | 4.82 |
| Bahrain | 47 | 4.45 | 61 | 4.24 | 34 | 4.24 | 54 | 4.86 |
| Jamaica | 48 | 4.41 | 49 | 4.54 | 59 | 3.53 | 36 | 5.17 |
| Mexico | 49 | 4.38 | 48 | 4.55 | 57 | 3.60 | 50 | 4.98 |
| Dominican Republic | 50 | 4.35 | 51 | 4.52 | 71 | 3.28 | 29 | 5.24 |
| Lithuania | 51 | 4.34 | 57 | 4.39 | 43 | 3.84 | 61 | 4.79 |
| Turkey | 52 | 4.32 | 53 | 4.45 | 63 | 3.49 | 48 | 5.00 |
| Latvia | 53 | 4.31 | 60 | 4.32 | 41 | 4.00 | 77 | 4.63 |
| Bulgaria | 54 | 4.31 | 66 | 4.17 | 56 | 3.64 | 41 | 5.11 |
| Panama | 55 | 4.28 | 56 | 4.41 | 53 | 3.66 | 63 | 4.76 |
| Uruguay | 56 | 4.28 | 43 | 4.76 | 67 | 3.32 | 64 | 4.75 |
| Morocco | 57 | 4.27 | 47 | 4.60 | 72 | 3.27 | 52 | 4.93 |
| Egypt | 58 | 4.24 | 50 | 4.52 | 60 | 3.51 | 68 | 4.70 |
| Brazil | 59 | 4.20 | 67 | 4.14 | 48 | 3.76 | 67 | 4.70 |
| Indonesia | 60 | 4.20 | 54 | 4.45 | 68 | 3.30 | 56 | 4.85 |
| Serbia and Montenegro | 61 | 4.18 | 79 | 3.99 | 80 | 3.09 | 13 | 5.47 |
| South Africa | 62 | 4.18 | 59 | 4.35 | 44 | 3.81 | 96 | 4.37 |
| Poland | 63 | 4.18 | 63 | 4.22 | 62 | 3.50 | 60 | 4.81 |
| Argentina | 64 | 4.18 | 85 | 3.90 | 58 | 3.58 | 45 | 5.05 |
| India | 65 | 4.14 | 62 | 4.24 | 55 | 3.64 | 81 | 4.55 |
| Georgia | 66 | 4.13 | 55 | 4.44 | 98 | 2.77 | 31 | 5.18 |

*(cont'd.)*

## Table 1: The Travel & Tourism Competitiveness Index *(cont'd.)*

| | OVERALL INDEX | | SUBINDEXES: Regulatory framework | | SUBINDEXES: Business environment and infrastructure | | SUBINDEXES: Human, cultural, and natural resources | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Country/Economy | Rank | Score | Rank | Score | Rank | Score | Rank | Score |
| Kuwait | 67 | 4.08 | 71 | 4.07 | 50 | 3.71 | 86 | 4.46 |
| Russian Federation | 68 | 4.03 | 100 | 3.64 | 49 | 3.75 | 65 | 4.71 |
| Guatemala | 69 | 4.00 | 68 | 4.14 | 76 | 3.16 | 69 | 4.69 |
| Botswana | 70 | 3.99 | 64 | 4.21 | 69 | 3.30 | 85 | 4.47 |
| China | 71 | 3.97 | 78 | 4.00 | 61 | 3.51 | 93 | 4.39 |
| Colombia | 72 | 3.96 | 69 | 4.12 | 77 | 3.15 | 78 | 4.62 |
| Namibia | 73 | 3.95 | 73 | 4.05 | 64 | 3.44 | 95 | 4.37 |
| Armenia | 74 | 3.93 | 65 | 4.21 | 96 | 2.80 | 62 | 4.77 |
| Azerbaijan | 75 | 3.92 | 77 | 4.01 | 70 | 3.29 | 88 | 4.45 |
| Romania | 76 | 3.91 | 87 | 3.86 | 74 | 3.20 | 71 | 4.68 |
| El Salvador | 77 | 3.90 | 75 | 4.01 | 66 | 3.34 | 98 | 4.36 |
| Ukraine | 78 | 3.89 | 76 | 4.01 | 73 | 3.21 | 89 | 4.45 |
| Sri Lanka | 79 | 3.89 | 70 | 4.11 | 91 | 2.86 | 70 | 4.69 |
| Tanzania | 80 | 3.86 | 72 | 4.07 | 89 | 2.88 | 75 | 4.64 |
| Peru | 81 | 3.86 | 74 | 4.04 | 85 | 2.95 | 80 | 4.59 |
| Kazakhstan | 82 | 3.81 | 81 | 3.97 | 81 | 3.03 | 90 | 4.44 |
| Macedonia, FYR | 83 | 3.81 | 114 | 3.34 | 82 | 3.01 | 44 | 5.07 |
| Gambia | 84 | 3.81 | 52 | 4.48 | 106 | 2.66 | 101 | 4.28 |
| Trinidad and Tobago | 85 | 3.79 | 88 | 3.83 | 65 | 3.35 | 104 | 4.20 |
| Philippines | 86 | 3.79 | 80 | 3.98 | 79 | 3.10 | 100 | 4.29 |
| Vietnam | 87 | 3.78 | 84 | 3.91 | 95 | 2.81 | 76 | 4.63 |
| Honduras | 88 | 3.78 | 83 | 3.93 | 83 | 2.97 | 91 | 4.44 |
| Nicaragua | 89 | 3.76 | 82 | 3.97 | 99 | 2.76 | 82 | 4.54 |
| Albania | 90 | 3.75 | 94 | 3.70 | 114 | 2.49 | 43 | 5.07 |
| Mongolia | 91 | 3.72 | 92 | 3.74 | 109 | 2.57 | 55 | 4.86 |
| Mauritania | 92 | 3.71 | 95 | 3.68 | 97 | 2.80 | 74 | 4.67 |
| Algeria | 93 | 3.67 | 89 | 3.81 | 93 | 2.82 | 97 | 4.37 |
| Zambia | 94 | 3.66 | 86 | 3.87 | 120 | 2.44 | 72 | 4.67 |
| Moldova | 95 | 3.65 | 99 | 3.65 | 100 | 2.75 | 83 | 4.54 |
| Cambodia | 96 | 3.64 | 90 | 3.77 | 103 | 2.71 | 87 | 4.45 |
| Ecuador | 97 | 3.64 | 98 | 3.66 | 90 | 2.87 | 94 | 4.38 |
| Kenya | 98 | 3.62 | 91 | 3.76 | 86 | 2.94 | 107 | 4.15 |
| Venezuela | 99 | 3.62 | 117 | 3.32 | 78 | 3.12 | 92 | 4.41 |
| Guyana | 100 | 3.56 | 96 | 3.67 | 88 | 2.93 | 109 | 4.09 |
| Uganda | 101 | 3.56 | 105 | 3.54 | 119 | 2.44 | 66 | 4.70 |
| Kyrgyz Republic | 102 | 3.54 | 111 | 3.41 | 104 | 2.69 | 84 | 4.52 |
| Pakistan | 103 | 3.52 | 106 | 3.50 | 75 | 3.19 | 118 | 3.88 |
| Bosnia and Herzegovina | 104 | 3.51 | 101 | 3.59 | 94 | 2.82 | 108 | 4.14 |
| Mali | 105 | 3.50 | 93 | 3.72 | 121 | 2.41 | 99 | 4.36 |
| Nepal | 106 | 3.49 | 113 | 3.39 | 117 | 2.47 | 79 | 4.60 |
| Zimbabwe | 107 | 3.48 | 108 | 3.49 | 84 | 2.97 | 114 | 3.99 |
| Suriname | 108 | 3.47 | 110 | 3.44 | 87 | 2.94 | 112 | 4.02 |
| Bolivia | 109 | 3.46 | 109 | 3.46 | 101 | 2.73 | 103 | 4.20 |
| Tajikistan | 110 | 3.46 | 97 | 3.67 | 112 | 2.52 | 105 | 4.18 |
| Paraguay | 111 | 3.44 | 107 | 3.50 | 92 | 2.84 | 113 | 4.00 |
| Madagascar | 112 | 3.44 | 104 | 3.54 | 105 | 2.68 | 110 | 4.09 |
| Burkina Faso | 113 | 3.41 | 102 | 3.58 | 115 | 2.48 | 106 | 4.17 |
| Malawi | 114 | 3.31 | 103 | 3.57 | 118 | 2.46 | 117 | 3.90 |
| Nigeria | 115 | 3.30 | 118 | 3.32 | 102 | 2.72 | 119 | 3.86 |
| Benin | 116 | 3.28 | 112 | 3.40 | 116 | 2.47 | 115 | 3.96 |
| Ethiopia | 117 | 3.26 | 120 | 3.13 | 110 | 2.57 | 111 | 4.08 |
| Cameroon | 118 | 3.25 | 119 | 3.16 | 122 | 2.37 | 102 | 4.22 |
| Mozambique | 119 | 3.23 | 115 | 3.34 | 107 | 2.63 | 121 | 3.71 |
| Bangladesh | 120 | 3.21 | 121 | 3.07 | 108 | 2.61 | 116 | 3.96 |
| Lesotho | 121 | 3.12 | 116 | 3.34 | 111 | 2.54 | 123 | 3.48 |
| Angola | 122 | 2.89 | 122 | 2.91 | 113 | 2.50 | 124 | 3.25 |
| Burundi | 123 | 2.88 | 123 | 2.82 | 123 | 2.31 | 122 | 3.50 |
| Chad | 124 | 2.68 | 124 | 2.51 | 124 | 1.80 | 120 | 3.72 |